

Frágangur náma

Hersir Gíslason
Vegagerðin

Rannsóknasjóður hefur á undanförunum árum styrkt verkefni um námukerfi Vegagerðarinnar. Verkefnið hefur gengið út á að safna saman upplýsingum um steinefnánámur ásamt því að staðsetja námurnar. Mikil áhersla hefur verið lögð á að safna saman upplýsingum um frágang námana. Með þessum upplýsingum hefur verið hægt að meta hve margar aflagðar og ófragengnar námur eru ábyrgð Vegagerðarinnar en skv. ákvæðum 49. gr. laga m náttúruvernd nr. 44/1999 skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár nema með undanþágu frá Umhverfisstofnun.

Á fundi yfirstjórnar Vegagerðarinnar þann 15. desember 2003 var samþykkt tillaga um gerð langtímaáætlunar fyrir frágang eldri efnistökusvæða og var áætlunin gefin út um sumarið 2004. Í langtímaáætluninni var mörkuð sú stefna Vegagerðarinnar að frágangi náma sem ekki eru lengur í notkun, skuli lokið á fimmtán árum þ.e. á árunum 2004 – 2018. Um er að ræða tæplega 900 námur sem Vegagerðin mun ganga frá á 15 árum og verður því gengið frá um 60 efnisnánum árlega.

Frágangur eldri efnistökusvæða hefur til þessa ekki fengið sérstaka fjárveitingu og hafa svæði Vegagerðarinnar því orðið að fjármagna þessa vinnu af öðrum fjárveitingum t.d. með viðhaldsfé. Á árinu 2005 var einungis unnið við frágang á 31 námu og lokið við allar nema 5 námur sem eru hálffragengnar.

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar hefur einnig styrkt verkefni sem miðar að því að kanna áhrif þess að nota svarðlag til að ná upp grenndargróðri auk þess að kanna möguleika á að nota pappír, moltu og vilt fræ til að ná upp fjölbreyttum gróðri á svæðum þar sem svarðlag er af skornum skammti, t.d. í gömlum ófragengnum námum. Í leiðbeininga ritinu “Námur, efnistaka og frágangur” sem rannsóknasjóður Vegagerðarinnar tók þátt í ásamt öðrum að styrkja útgáfu á eru leiðbeiningar um hvernig hægt er að nýta svarðlag til að ná upp grenndargróðri. Í ritinu er lagt til að svarðlagi, sem er efsti hluti jarðvegsins sé haldið sérstaklega til haga svo hægt sé að jafna honum út yfir efnistökusvæðið í lok frágangs innan eins árs frá því að svarðlaginu var flett ofan af. Í svarðlaginu er mikið af rótum, fræjum og inniheldur svarðlagið einnig frjósömustu moldina. Þessar aðferðir byggjast á verklagi sem hefur verið reynt erlendis og gefist vel en ekki hafa legið fyrir neinar rannsóknir um árangur þessara aðferða hér á landi. Við vinnslu og frágang á námusvæðum í tengslum við vegagerð hefur þessum leiðbeiningum sjaldnast verið fylgt eftir og hafa verið upp efasemdir um ágæti þessarar aðferðar. Þar sem nokkurt óhagræði er að ýta ofan af námusvæðum í tvennu lagi og þykir hentugra að ýta öllum lífrænum jarðvegi saman í einn haug.

Verkefnið hófst sumarið 2005 og var gróðurfar og gróðurþekja metin Rannsóknasvæðinu var valin staður í Hálsasveit jaðri efnistökunámu og var svæðið ákjósanlegt þar sem gróðfar var fjölbreytt. Landgræðsla ríksins sá um að gróðurgreininguna og aðstoð við að setja upp tilraunina. Um haustið 2005 var svarðlaginu flett ofan af auk þess var ofanafýting tekin af með hefðbundnum hætti þ.e. að svarðlag og annar jarðvegur var ýtt ofan af í einu lagi í einn haug. Það var svo í sumar sem gengið var aftur frá svæðinu og voru prófaðar 7 aðferðir og var

hver aðferð prófuð 5 sinnum. Hverri aðferð fyrir sig er lýst í töflu 1. Reiknað er með að fylgjast með gróðurframvindu í 5 ár og þá verði hægt að meta ágæti hverrar aðferðar fyrir sig.

Tafla 1.

Tilraun	
1	Mold jafnað út yfir reit og svo svarðlag sett yfir
2	Mold jafnað út yfir reit og svo svarðlag sett yfir. Áburður borinn á.
3	Mold jafnað út yfir reit og svo svarðlag sett yfir. Fræi sáð og áburður borinn á.
4	Jarðvegsblöndu (svarðlag+mold) jafnað út yfir reit. Áburður borinn á.
5	Jarðvegsblöndu (svarðlag+mold) jafnað út yfir reit. Fræi sáð og áburður borinn á.
6	Jarðvegsblöndu (svarðlag+mold) jafnað út yfir reit. Svo var blöndu af moltu, pappamassa, “grenndarfræjum” og áburði sprautað yfir.
7	Jarðvegsblöndu (svarðlag+mold) jafnað út yfir reit. Fræi sáð (fræblanda Ib) og áburður borinn á.